

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 184/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Helga Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. maí sl., en hinn kærði úrskurður er kveðinn upp sama dag og barst Hæstarétti 4. s.m. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldið verði verulega stytta.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 2. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Síðumúlafangelsi af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Guðmundi Helga Svavarssyni, atvinnulausum, kt. 140162-4349, til lögheimilis að Árbraut 19, Blönduósi, en með dvalarstað að Smiðjustíg 10, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. júní 1990 kl. 16.00 vegna grunar um brot kærða á 211. gr., 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. apríl sl. kl. 7.39 var lögreglan kvödd að bensinstöð ESSO við Stóragerði í Reykjavík vegna innbrots. Við komu á staðinn fannst þar látinn Þorsteinn Guðnason, starfsmaður á bensinstöðinni, kt. 190642-3139, til heimilis að Skaftahlíð 26, Reykjavík. Við könnun á vettvangi var þegar ljóst, að honum hafði verið ráðinn bani. Miklir áverkar voru á líkinu, gapandi sár á miðju og ofanverðu höfði, kúpubein mólbrotin og níu stunguför á brjóstholi.

Í innbrotinu hurfu fjármunir, að verðmæti 542.891 kr., skv. rannsóknargögnum.

Við rannsókn máls þessa hefur beinst grunur um aðild kærða og Snorra Snorrasonar, kt. 190356-5589, Sesselju Engilráðar Barðdal, kt. 271070-4979, og Jóns Helga Hjartarsonar, kt. 200860-4629, að innbrotinu og kærða og Snorra Snorrasonar að framangreindum verknaði.

Mánudaginn 30. apríl sl. var kærði handtekinn vegna grunar um innbrotsþjófnað í Iðunnarapótek 23. apríl sl. Jafnframt fór fram hútleit að Smiðjustíg 10, Þórufelli 18 og Mávahlíð 1 hér í borg vegna grunar um þátttöku kærða í því broti.

Við hútleit fundust gögn, er þykja benda til aðildar kærða að innbroti þessu. Einnig var lagt hald á gögn, er m.a. geta bent til aðildar kærða að innbrotinu í bensinstöðina og atlögunni að Þorsteini Guðnasyni, er leiddi til dauða hans.

Rannsóknargögn, merkt M/1, S/1, Þ/1 og SUB/1, bera bletti, er gáfu svörun við blóðprófi. Nánar er hér um að ræða:

1. mittisbelti með fimm vösum, merkt M/1, er hald var lagt á við leit í Mávahlíð 1, Reykjavík,
2. eldhúshníf, merktan S/1, er lagt var hald á við leit að Smiðjustíg 10, Reykjavík,
3. svartan plastpoka, sem hefur m.a. að geyma buxur, merktar Þ/1, sem hald var lagt á við leit í Þórufelli 18, Reykjavík,
4. gallajakka, merktan SUB/1, er fannst við leit í bifreiðinni G-14872.

Samkvæmt framburði kærða og annarra yfirheyrðra munu gallajakinn og beltíð vera í eigu kærða. Páll Guðfinnur Gústavsson bar fyrir lögreglu, að framangreindar buxur tilheyrðu sér, en ekki kærða.

Kærði hefur við rannsókn málsins fyrir lögreglu og fyrir dómi neitað sakargiftum. Bar hann fyrir lögreglu, að jakki hans hafi orðið alblóðugur, er ráðist var á hann laugardagskvöldið 28. apríl sl.

Við yfirheyrslur í málinu hefur komið fram ósamræmi milli framburðar kærða og meðákærðu Sesselju Engilráðar og Jóns Helga varðandi atburði þriðjudagsins 24. apríl sl. Þá ber kærða og kærðu Sesselju ekki saman um,

hvernig staðið var að greiðslu á leigu fyrir húsnæði á Smiðjustíg 10 og hvernig peninganna var aflað, en þau eru bæði atvinnulaus.

Eftir er að rannsaka betur framburð Jóns Helga um smámynt, að fjárhæð kr. 10.000, og hvernig kærði hefur komist yfir hana. Þá er eftir að rannsaka nánar samskipti kærða við kunningja sína og þá, er hugsanlega kunna að tengjast máli þessu.

Enn fremur er eftir að framkvæma nákvæmari rannsóknir á blettum þeim, er gáfu svörun við blóðprófi.

Rökstuddur grunur þykir vera á því, að kærði sé viðriðinn brot þau, sem að framan greinir, en þau geta varðað fangelsisrefsingu skv. 211. gr., 244. gr. og 155 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og þess, að rannsókn málsins er á frumstigi, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald á kærða, Guðmundi Helga Svavarssyni, til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó þannig, að gæsluvarðhald verði til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Guðmundur Helgi Svavarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.
